

**Ed.**

**719. Frumvarp til laga**

[182. mál]

um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 376 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til framhúðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutafélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfseminni tekur með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

Slíta skal hlutafélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

7. gr. hljóðar svo:

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.